

Mánudaginn 25. okóbermán.

Nr. 14/1886

Vice-konsull J. V. Havsteen

gegn

Eggert verzlunarstjóra Laxdal

## Ú r s k u r ð u r:

Sök þessi er í hjeraði höfðuð af vice-konsul J. V. Havsteen fyrir sína eigin hönd og sameigenda hans að hákarlaskipinu „Úlfur“, sem fórst sumarið 1884, gegn Eggert verzlunarstjóra Laxdal sem formanni hins eyfirzka skipa-ábyrgðarfjelags, til þess að fá hann fyrir hönd fjelagsins dæmdan til þess, að greiða skipseigendunum eftirstöðvar af ábyrgðarupphæð skipsins, 618 kr. 09 aur., en með aukarjettardómi Akureyrarkaupstaðar, upp kveðnum 6. apríl þ. á., var Eggert Laxdal dæmdur sýkn fyrir þessari kröfu stefnandans; dómi þessum, sem auk þessa inniheldur ýms önnur ákvæði, hefur J. V. Havsteen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. maím. þ. á., og gjört hjer fyrir rjettinum hinar sömu kröfur, eins og fyrir undirrjettinum. Málsfærslumaður hins stefnda hefur lagt form-hlið málsins sjerstaklega undir dóm rjettarins, og krafizt þess, að málinu verði vísað frá undirrjetti, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir mati dómsins. En til vara, — ef þessi rjettarkrafa eigi skildi verða tekin til greina —, hefur hann beiðzt vikufrests til andsvara um aðal efni málsins. Frávísunarkröfuna byggir stefndi á því, að hann sje *reus incompetens* í sökinni, með því að stjórn ábyrgðarfjelagsins (e: forseti, gjaldkeri og

skrifari í sameiningu) hafi umráð yfir eign og fjármálum fjelagsins samkvæmt lögum þess, og standi fyrir öllum fjárreiðum þess, en eigi forseti stjórnarinnar útaf fyrir sig. Sje því fjelagsstjórnin í heild sinni hinn rjetti sakaraðili, en ekki stjórnarforsetinn; hann sje ekki bær um upp á sitt eindæmi að leggja fjárgreiðslu-skuldbindingar á fjelagið. En þessi málsvarnar-ástæða hins stefnda varðar ekki frávísun sakarinnar frá undirrjetti, heldur mundi hún leiða til sýknu-dóms, ef hún reynist á rökum byggð, og mun hún koma til álita, þegar dæmt verður um aðalefni málsins. Frávísunarkrafa hins stefnda verður því eigi tekin til greina, en honum veitist eptir beiðni hans vikufrestur til andsvara í málinu.

#### Fyrir því úrskurðast:

Frávísunarkrafa hins stefnda verður ekki tekin til greina, en honum veitist vikufrestur til andsvara um aðalefni málsins.

Nr. 15/1886

Guðmundur Jakobsson

gegn

Sra Jóni Guttormssyni.

#### D ó m u r :

Aðilar máls þessa, Guðmundur Jakobsson snikkari og Jón Guttormsson prófastur, gjörðu 1. dag aprilmán. 1883 samning um byggingu á Hvammskirkju í Hvammssveit, og er aðal-inntak samningsins það, er